

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI
- Minnisblað -

17. desember 1993
SO/MHS/jhs

Breytingar fyrir 3. umræðu

Alþingi

Erindi nr. P117 / 466

komudagur 17/12 1993

1. Við 16. gr. frumvarpsins bætast tveir nýir stafliðir, sem verða b. og d., er orðast svo:
 - b. 6. tölul. orðast svo: Fólksflutningar.
 - d. 13. tölul. orðast svo: Þjónusta ferðaskrifstofa.

2. 18. gr. frumvarpsins fellur niður.

3. Í stað a- og b-liða 19. gr. frumvarpsins kemur nýr stafliður a. er orðast svo:
 1. tölul. og 3. tölul. falla brott.

4. 34. gr. frumvarpsins orðast svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

 - a. Í stað hlutfallstalnanna "2,5" og "6" í 1. mgr. kemur:
2,85 og 6,35
 - b. 1. málsl. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo:
Hótelgistingu, veitingarekstur og átlögu bifreiða.

5. Eftirfarandi breytingar verða á gjaldflokki A í viðauka I í 49. gr.:
 - a. Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott: 2005.2011, 2005.2019, 2005.2021, 2005.2029, 2106.9054 og 2106.9055.
 - b. Tollskrárnúmerið 2005.2002 bætist við.

Skýringar

1. Fólksflutningar og ferðaskrifstofur færð undan skattskyldu, þ.e. lagatexti 6. tölul. og 13. færist í fyrra horf, eins og hann var fyrir l. nr. 111/1992.
2. A-liður 18. gr. (17. grein upphaflega) dreginn til baka vegna fólksflutninga. B-liður dreginn til baka vegna 16. gr. (upphaflega) þar sem hún kann að verða mistúlkuð.
3. A-liður 19. gr. um fólksflutninga með ferjum dreginn til baka, sbr. 1. B-liður 19. gr. (upphaflega a-liður 18.gr.) dreginn til baka vegna ferðaskrifstofa, sbr. 1. Nýr A-liður settur inn til að fella fólksflutninga og þjónustu ferðaskrifstofa út úr 14. gr. laganna.
4. A-liður er óbreyttur en í b-lið er dregin til baka lækun tryggingagjalds á fólksflutninga og ferðaskrifstofur.
5. Tæknileg lagfæring vegna breytinga á tollskrá. Nauðsynlegt er að búa til ný tollskránumer vegna álagningar vörugjalds á snakkvörur og sykrud matvæli og var gert ráð fyrir nokkrum slíkum í texta frumvarpsins. Við nánari athugun hefur komið í ljós að ekki er þörf á öllum þeim númerum og því þarf að gera þessa breytingu.